# 1. Tilgangur

Tilgangur verklagsreglunnar er að lýsa kröfum um verklag við skammhleypingu á jarðstrengsendum.

# 2. Markmið

Markmið með verklaginu og kröfunum er að:

- Tryggja öryggi starfsfólks sem vinnur við tengingar
- Tryggja öryggi viðskiptavina
- Tryggja að ekki sé spennusettir ótengdir og óöruggir jarðstrengsendar
- Tryggja með fullnægjandi hætti spennuleysi á ótengdum jarðstrengsendum

# 3. Ábyrgðarskipting

*Ábyrgðarmaður rafmagns hjá Veitum* ber ábyrgð á því að unnið sé eftir verklagi.
**Gerð er skilyrðislaus krafa um að unnið sé eftir verklagi.**

# 4. Lýsing

## *4.1 Kröfur*

**Allir strengendar(fasar) sem ekki eru tengdir skulu vera skammhleyptir óháð spennustigi, stærð og aldri.**
Á þetta við um:

- Ótengda heimtaugaenda
- Ótengda jarðstrengsenda í notendakerfi
- Ótengda jarðstrengsenda í háspennukerfi

Allir strengendar sem grafnir eru skulu hafa herpihólk á endanum til að verja streng.

*Áréttað skal að við vinnu við frágang strengenda þá skulu reglurnar FIMM alltaf hafðar í fyrirrúmi eins og ávallt þegar unnið er við eða í nánd við rafmagn.*

- Fullrjúfa
- Tryggja gegn innsetningu
- Sannreyna spennuleysi
- Jarðtengja
- Hylja eða girða af nálæga spennuhafa hluti

## *4.2 Framkvæmd*

Ekki er gerð krafa um hvernig skal staðið að skammhleypingunni, einungis að hún sé framkvæmd!

Í boði eru þess til gerðir naglar sem hentugir eru fyrir strengi frá 25mm$^2$ til 300mm$^2$. Þá má finna á vöruhóteli og milli-lager í Norðurhúsi,

### *4.3 Skammhleypinaglar*





### *4.4 ýmsar útfærslur*





Ekki er um tæmandi lista að ræða.